

Alþingi
Erindi nr. P 130/484
komudagur 4.12.2003



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2003.

Efni: Frumvarp til laga um Evrópufélög, (203. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem lagt er fram í ljósi skuldbindinga Íslands í samstarfi Evrópuríkja. Borið hefur á því undanfarin misseri við innleiðingu EES reglna að vikið sé frá íslenski lagasetningarhefð hvað form lagatexta varðar. Sem dæmi má nefna óhóflega langar lagagreinar, óþjálmt málfar og oft á tíðum notkun hugtaka sem ekki eiga sér stoð í íslensku lagamáli.

Verzlunarráð gerir ekki efnislegar athugasemdir við ofangreint frumvarpið í heild en vill þó, í ljósi þess sem áður segir, koma að athugasemd varðandi framsetningu frumvarpsins. Ráðið telur að í texta frumvarps mætti koma fram skilgreining á hugtakinu *Evrópufélag*. Ný grein gæti komið á eftir 1. gr., í líkingu við eftirfarandi:

Með Evrópufélagi er átt við hlutafélag sem starfar í fleiri en einu EES ríki en á grundvelli einna samræmdra hlutafélagareglna sem settar eru fram í lögum þessum.

Þannig mætti gera lagatextann örllítið aðgengilegri, löglærðum sem ólöglærðum.

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

Sigríður Ástíldur Andersen.

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is